

**Nd.**

**649. Breytingartillögur**

**[63. mál]**

við brtt. á þskj. 344 (Fjárhagsráð).

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3., c-lið (14. gr.). Á eftir málsgreininni komi svo hljóðandi málsliður: Samkvæmt sömu reglu skal úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir smávörum (er teljast með vefnaðarvöruflokknum), gúmmískófatnaði, búshöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum, til þeirra verzlana, sem verzla með þessar vörur jafnhliða nýlenduvörunum, en samkvæmt ákvörðunum fjárhagsráðs til annarra.
2. Við 3. d-lið (15. gr.). Aftan við liðinn bætist:  
Skal þessum stofnleyfum skipt þannig milli þeirra verzlana, sem verzla beint við neytendur, að samvinnufélög landsins fái 50% og önnur verzlunar-fyrirtæki 50% af heildarfjárhæðinni, og séu stofnleyfin veitt öllum verzlunum á sama tíma.